

Fatlaðir í kvikmyndum

Birtingarmynd fatlaðra í kvikmyndum

Rúnar Ágúst Pálsson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til
prófgráðu í fjölmiðlafræði

Félagsvísindadeild

Apríl 2016

Fatlaðir í kvikmyndum

Rúnar Ágúst Pálsson

6 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði

Leiðbeinandi
Ingibjörg Elíasdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, apríl mánuður 2016

Titill: Fatlaðir í kvikmyndum: birtingarmynd fatlaðra í kvikmyndum
Stuttur titill: Fatlaðir í kvikmyndum
6 ECTS eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði

Höfundarréttur © 2016 Rúnar Ágúst Pálsson
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Rúnar Ágúst Pálsson, 2016, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið,
Háskólinn á Akureyri, 44 bls.

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, apríl mánuður, 2016

Yfirlýsing

„Ég lýsi því hér með yfir að ég er einn höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin
rannsókna.“

Rúnar Ágúst Pálsson

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A-prófs
við Hug- og félagsvísindasvið.“

Ingibjörg Elíasdóttir

Útdráttur

Markmið ritgerðarinnar er að sýna þá birtingarmynd sem fatlað fólk fær í áberandi kvikmyndum þá einkum fólk með einhverfu og þroskahömlun. Staðalímyndir fatlaðs fólks í kvikmyndum eru þó nokkrar og verða þær til umfjöllunar. Afþreyingarefni fjölmiðlanna þá einkum sjónvarpið sem sýnir kvikmyndirnar hefur ákveðin áhrif á hvernig fólk mótar skoðanir um tiltekna hluti. Rýnt verður í fötlunarfræðin og út frá fræðunum skoðað hvort þessar staðalímyndir sem birtar eru í kvikmyndum sýna rétta mynd af raunveruleikanum. Allir aðalleikararnir í kvikmyndunum höfðu það sameiginlegt að hafa fengið Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir túlkun sína á fötluðu persónunni. Farið verður yfir kvikmyndirnar og komið auga á hvaða staðalímyndir koma upp. Tilgangur ritgerðarinnar er að sjá hvort kvikmyndirnar sem um ræðir gefa raunhæfa mynda af einstaklingum með einhverfu og þroskahömlun eða hvort birtingarmynd þeirra sé ákveðin staðalímynd. Niðurstöðurnar gefa til kynna að túlkun leikaranna ýtir undir ákveðna staðalímynd.

Abstract

The goal of this essay is to show the manifestation of disabled people in notable films in particular people with autism and developmental disability. Stereotypes of disabled people in films are quite a few and they will be discussed. The entertainment content in the media, in particular in television shows that films have a certain effect on how people formulate opinions on certain things. Reviewing the disability studies and from there looking at the question of whether these stereotypes appearing in the films show the true picture of reality. All the actors in the films had in common that they received an Oscar nomination for their portrayal of a disabled person. The films will be covered and discerned what stereotypes arise. The purpose of the paper is to see whether the films in question give a concrete example of individuals with autism and developmental disability, or is it a manifestation of a certain stereotype. The results indicate that the interpretation of the actors fosters a certain stereotype.

Þakkarorð

Ég vill þakka fjölskyldunni minn mikið fyrir mikla þolinmæði á skólagöngunni minni. Magna Magdalena, Maron Máni og Markús Marri þið eruð frábær. Ég vill þakka leiðbeinanda mínum Ingibjörgu Elíasdóttir fyrir aðstoð og leiðsögn. Mamma og pabbi fá knús fyrir ómetanlegan stuðning. Sérstakar þakkir fær Hlynur Jónsson fyrir prófarkalestur og spark í afturendann til að klára þessa ritgerð.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Viðhorf til fatlaðra	2
2.1	Hvað er fötlun?	4
2.2	Proskahömlun.....	5
2.2.1	Orsakir.....	6
2.3	Einhverfa.....	7
2.3.1	Tengsl og samspil við aðra.....	7
2.3.2	Mál og tjáskipti	7
2.3.3	Áráttuhegðun.....	8
2.3.4	Sérvitringar	8
2.4	Félagslegar hliðar fötlunar.....	8
2.5	Fötlunarfræði	10
2.6	Réttindi fatlaðs fólks	10
2.7	Birtingarmynd og fjölmiðlar	13
3	Kvikmyndirnar	16
3.1	Forrest Gump	17
3.2	Rain Man.....	20
3.3	Sling Blade.....	22
3.4	I am Sam.....	25
4	Umræður	27
5	Lokaorð	32
6	Heimildir.....	34

1 Inngangur

Í þessari ritgerð fjalla ég um fatlað fólk í kvikmyndum, nánar tiltekið fólk með þroskahömlun og einhverfu. Þetta viðfangsefni valdi ég vegna þess að eldri sonur minn er með einhverfu og væga þroskahömlun og það er oft dregin upp ákveðin staðalímynd í afþreyingarefni af einhverfu og hvernig einstaklingar með einhverfu eiga að vera og haga sér. Sú staðalímynd sem kemur fram í kvikmyndum að mínu mati passar ekki við son minn því hann er bara eins og hann er og allir sem eru með einhverfu eða þroskahömlun eru ólíkir.

Í gegnum nám mitt í fjölmiðlafræði hef ég komist að því hvað fjölmiðlar hafa mikil áhrif og hvað það er mikilvægt að hafa góða hliðarverði í því að upplýsa almenning með réttum upplýsingum um stöðu mála hverju sinni. Ég hef því tekið að mér það hlutverk hér í þessari ritgerð að vera ákveðin hliðarvörður fatlaðra í kvikmyndum, en kvikmyndir eru einmitt áberandi á ljósvakamiðlum og eru ákveðinn áhrifavaldur í því að hvernig fötlun er túlkuð, sem myndar að mínu mati ákveðna staðalímynd. Tilgátan mín er sú að kvikmyndir ýti undir staðalímyndina og gefi ekki raunhæfa mynd af fötluðu fólki. Er rannsóknarspurningunum ætlað að leiða í ljós hvort sú tilgáta standist.

Rannsóknarspurningarnar eru:

- Gefa kvikmyndir raunhæfa mynd af einstaklingum með einhverfu og þroskahömlun eða er um ákveðna staðalímynd að ræða í birtingarmynd þeirra?
- Samræmist túlkun kvikmynda á fötluðum einstaklingum helstu skilgreiningum á umræddum fötlunum?

Til þess að svara spurningunum fer ég yfir fötlunarfræðin og greini kvikmyndirnar með fræðin að vopni.

Í fræðilega hlutanum er byrjað á því að fara yfir viðhorf til fatlaðra í gegnum tíðina og þar strax koma fram ákveðin viðhorf sem fólk hefur haft gagnvart fötluðu fólki. Því næst er

farið yfir það hvað fötlun er og nánar farið yfir hvernig þroskahömlun og einhverfa eru skilgreind. Í framhaldi verður gerð stutt grein fyrir hvaða réttindi fatlaðir hafa í okkar samfélagi. Næst verða staðalímyndir kynntar og hverjar helstu staðalímyndir fatlaðra eru í kvikmyndum. Kvikmyndirnar fjórar sem fjallað er um hafa það allar sameiginlegt að aðalpersónan er með einhverskonar þroskahömlun og ein er með þroskahömlun og einhverfu. Allir þeir leikarar sem léku þessar persónur fengu tilnefningu til Óskarsverðlauna og tveir þeirra unnu til verðlaunanna. Farið er yfir kvikmyndirnar og söguþræðinum lýst og útlistað hvar í söguþræðinum verið er að stimpla aðalpersónuna ákveðinni staðalímynd. Í framhaldi af því er umfjöllun um staðalímyndirnar sem komu fram í kvikmyndunum og hvernig þær samræmast fræðunum.

2 Viðhorf til fatlaðra

Frá upphafi hefur verið til fólk með andlega eða líkamlega fötlun sem hefur þurft að treysta á náð og miskunn annarra en rekja má vitneskju um fötlun allt aftur til Forn-Grikkja. Gríski læknirinn Hippokrates, sem talinn er vera faðir læknávisindanna, fjallar um margar tegundir fatlana í ritum sínum. Sem dæmi má nefna blindu og þroskahömlun en hann taldi að þeir sem væru með einhverskonar fötlun hvort sem hún væri líkamleg eða andleg væru afbrigðilegir og sjúkir (Margrét Margeirsdóttir, 2001, bls. 22). Samfélagið hefur því alltaf haft ákveðna sýn á fatlað fólk og þar af leiðandi ákveðnar staðalímyndir, sem hafa reyndar verið mismunandi í gegnum tíðina. Spartverjar, sem dýrkuðu til dæmis ekkert meira en styrk og mikla hernaðargetu, höfðu sterkar skoðanir á fötlun. Í þeirra menningu áttu feður ávallt rétt á því að bera út börn sín ef eitthvað varðandi barnið var þeim ekki að skapi hvort sem það voru líkamleg einkenni eða andleg. Fatlaðir á þessum tíma voru algjörlega upp á náð og miskunn feðra sinna. Ef barn virtist fatlað var það fært fram fyrir eftirlitsráði ríkisins og ef þeir mátu barnið fatlað var því varpað fram fyrir björg á Taygetosfjalli (Margrét Margeirsdóttir, 2001, bls. 22).

Læknisfræðilegt sjónarhorn á fötlun hefur verið ráðandi mestan hluta af síðustu öld í hinum vestræna heimi. Þar er litið á fötlun sem andstæðu þess að vera heilbrigður og eðlilegur. Litið er á fötlun sem persónulegan harmleik og skerðingin sem viðkomandi einstaklingur verður fyrir hefur verið talin uppspretta allra erfiðleika hans en lítið sem ekkert tillit tekið til áhrif aðstæðna eða umhverfis. Þegar einstaklingurinn hefur fengið læknisfræðilega greiningu er litið þannig á það að einstaklingurinn þurfi á afskiptum sérfræðinga að halda. Í gegnum tíðina hefur það verið algengt að fatlað fólk sé aðskilið frá þeim sem ekki eiga við fötlun að stríða og því aðskilið frá samfélaginu í heild og sett á sérstakar stofnanir. Í stuttu máli er læknisfræðilega sjónarhornið þannig að litið er á fötlun einstaklingsins sem eitthvað mjög óæskilegt sem gerir viðkomandi háðan öðrum og í þörf fyrir umönnun, lækningu eða þjálfun, enda hefur læknisfræðilega nálgunin oft verið kennd við einstaklinginn og meintan persónulegan harmleik hans. Þetta sjónarhorn hefur í gegnum tíðina litað viðhorf fagfólks og almennings og gerir að einhverju leiti enn (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Í seinni tíð, með tilkomu nýrrar fræðigreinar á sviði fötlunarfræða, hefur þetta sjónarhorn verið gagnrýnt harkalega og lögð er meiri áhersla á að skoða aðra þætti sem hafa áhrif einkum félagslega en félagslegar hindranir eru taldar eiga stóran þátt í því að skapa og ýta undir fötlun einstaklingsins (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Ef litið er til Norðurlandanna þá telur norskifræðimaðurinn Jan Tøssebro að hægt sé að greina sameiginlegar hugmyndir Norðurlandabúa um fötlun með áherslu á tengsl fatlaðs einstaklings við umhverfið sitt en hann kallar þetta norræna tengslasjónarhornið á fötlun (e. Nordic relational approach to disability). Með þessu er verið að leggja áherslu á hinn félagslega og umhverfislega þátt fötlunar og að beina athyglinni frá því að skilgreina fatlaða einstaklinginn sem rót vandans (Rannveig Traustadóttir, 2006, bls. 26). Farið var frekar í að leggja áherslu á hvernig væri hægt að fjarlægja samfélagslegar hindranir og laga umhverfið

að fötluðu fólki ásamt því að veita stuðning og þjónustu. Meginatriðin í tengslanálgun norræna tengslasjónarhornsins samkvæmt Tøssebro eru þrjú að hans mati. Í fyrsta lagi er litið þannig á að fötlun sé misræmi milli einstaklings og umhverfis. Fötlunin verður vegna þess að einstaklingurinn og umhverfið ná ekki samann og þar með myndast misræmi eða gjá á milli. Í öðru lagi að fötlun sé aðstæðubundin. Skerðingin sem leiðir til fötlunar eða ekki ræðst af því í hvaða aðstæðum einstaklingurinn er hverju sinni, sem dæmi er sjónskertur einstaklingur ekki fatlaður þegar hann talar í síma. Hvort skerðingin hjá einstaklingnum verður að fötlun er því tengt aðstæðunum og er því ekki alltaf til staðar. Í þriðja lagi að fötlun sé afstæð. Hér á Tøssebro við að skilgreiningar á því hvaða einstaklingsbundin líffræðileg eða andleg einkenni eru skilgreind sem fötlun er að einhverju leiti tilviljunarkennt. Hann nefnir sem dæmi að stór munur er á því hverjir hafa verið skilgreindir með þroskahömlun í Evrópu á 20. öld en skilgreiningar á þroskahömlun hafa verið með mismunandi hætti allt frá því að vera með til dæmis greindarvísitölu frá 50 og upp í 85 stig. Því er munur á milli þjóða í Evrópu hverjir séu skilgreindir með þroskahömlun og hverjir ekki, enda um talsvert breitt bil að ræða (Rannveig Traustadóttir, 2006, bls. 26-27). Hægt er að ímynda sér að fjölmiðlar og þar af leiðandi menning hvers staðar stjórni því hvernig greiningarferli á fötlun fer fram. Fjölmiðlar geta nefnilega haft áhrif á viðhorf almennings á fötlun og sagt er að fjölmiðlar séu ákveðin spegill samfélagsins á hverjum tíma og eru mótunarafl með því hvað þeir birta hverju sinni (Menntamálaráðuneytið, 2004). Fjölmiðlar hafa því ákveðið vald hvernig varðandi það birtingarmynd fatlaðs fólks er í augum almennings hverju sinni.

2.1 Hvað er fötlun?

Fötlun er afbrigðileg þróun miðtaugakerfisins sem getur valdið frávikum í þroska og þar með vangetu til að tileinka sér ýmsa færni. Þessi afbrigðilega þróun leiðir til fötlunar sem felst í því að einstaklingurinn getur ekki náð markmiðum sínum sem samfélagið telur að sé við hæfi án aðstoðar. Samkvæmt þessu er hægt að segja að fötlun hafi tvær hliðar; líffræðilega hömlun

annars vegar og svo félagslegar aðstæður hins vegar sem annað hvort ýta undir hömlunina eða draga úr henni (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993, bls. 148).

Ef lítið er til læknisfræðilega sjónarhornsins varðandi fatlað fólk þá eru fatlaðir taldir vera óheppin fórnarlömb sem eru háð öðrum og þurfa umönnun, lækningu, meðferð, kennslu eða þjálfun. Fötlun einstaklings út frá því sjónarmiði er að um persónulegan harmleik er að ræða og að sú skerðing sem viðkomandi hefur er uppspretta allra erfiðleika hans (Rannveig Traustadóttir, 2006, bls. 24-25). Það er því afstætt hvað það er sem telst sem fötlun á hverjum stað og tíma. Lestrarferfiðleikar geta til dæmis stafað af ákveðnum þroskafrávikum og í samfélaginu geta þeir leitt af sér fötlun, þar sem öll okkar menntun og störf ganga mest megnið út á lestrarkunnáttu. Í öðru samfélagi þar sem meirihluti íbúa kann ekki að lesa þarf ólæsi ekki að vera hamlandi. Það fer sem sagt eftir samfélaginu hvort sama þroskafrávikði er talið sem fötlun eða ekki (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993, bls. 148). Skerðing í hreyfiþroska getur verið mjög hamlandi barni á ákveðnu aldurskeiði þar sem félagsleg samskipti eru mikið komin frá leikjum sem byggjast á hreyfifærni, til dæmis boltaleikjum. Síðar á ævi einstaklingsins getur slík færni skipt minna máli og styrkleikar á öðrum sviðum bætt upp skerðingu í hreyfifærni (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993, bls. 149).

2.2 Þroskahömlun

Þroskahömlun er skilgreind þannig hér á landi að þegar greindarþroski einstaklings mælist undir 70 greindarvísitölustigum þá telst viðkomandi vera með þroskaskerðingu. En jafnframt verður aðlögunarfærni að vera ábótavant (Tryggvi Sigurðsson, 1993, bls. 153). Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) skilgreinir þroskahömlun þannig að þroski hugans sé ófullkominn eða staðnaður og einkennist sú stöðnun aðallega af skerðingu á færni sem kemur fram á þroskaskerðingu einstaklingsins (Robledo og Ham-Kucharski, 2008). Þar á við færni sem stuðlar að vitsmunarþroska einstaklingsins í mjög víðu samhengi til dæmis talmál, hreyfi, þekkingar og félagslega þætti. Stig þroskahömlunar er mælt með stöðluðum

greindarprófum. Einnig er notast við niðurstöður úr matslistum sem hafa það markmið að meta aðlögunarfærni einstaklinga við ákveðnar aðstæður. Þroskahömlunin er að auki mæld og flokkuð eftir því hversu alvarleg hún er. Þessar greiningar taka mið af því hvernig færni einstaklingsins er á þeim tíma sem þær eru framkvæmdar. En þjálfun og endurhæfing geta leitt til aukinnar vitsmunalegrar og félagslegrar færni. Greindarprófið skiptir þroskahömlun í fjóra flokka eftir greindarþroska:

- 1) Væg þroskahömlun, greindarvísitala 50-70.
- 2) Miðlungs alvarleg þroskahömlun, greindarvísitala 35-49.
- 3) Alvarleg þroskahömlun, greindarvísitala 20-34.
- 4) Djúp þroskahömlun, greindarvísitala undir 20.

Stöðluð greindarpróf geta ekki mælt alla hæfni einstaklinga og samkvæmt þeim er þroskahömlun ekki fast ástand heldur er hægt að bæta greindarþroska og aðlögunarfærni (Tryggvi Sigurðsson, 2008, bls. 35-36).

2.2.1 Orsakir

Orsakir þroskahömlunar eru margbreytilegar enda er hópurinn stór og fjölbreyttur. Hægt er til einföldunar að skipta hópnum í tvennt, fyrst ertu með fólk með væga þroskahömlun þar sem greindarvísitalan er á bilinu 50-70 stig og hins vegar fólk með alvarlegri þroskahömlun en þar er greindarvísitalan undir 50 stigum (Solveig Sigurðardóttir, 2008, bls. 23-31). Væg þroskahömlun er oft ættgeng þar sem samspil umhverfis og erfða geta haft áhrif. Hluti af hópnum er á mörkunum að vera með seinkun í almennum vitsmunapróska og vægrar þroskahömlunar en félagslegar aðstæður og aðlögunarfærni einstaklingsins skera úr um það hvort þroskahömlun hlýst af (Solveig Sigurðardóttir, 2008, bls. 23-31). Alvarleg þroskahömlun á sér oftast líffræðilegar skýringar sem rekja má til umhverfisáhrifa. Þetta geta verið sýkingar á meðgöngu og fyrstu mánuði eftir fæðingu, súrefnisskort í fæðingu, slyss sem

leiða til höfuðáverka en algengustu orsökir eru litningargallar af ýmsum toga til dæmis Downs heilkenni (Tryggvi Sigurðsson, 1993, bls. 153).

2.3 Einhverfa

Einhverfa er röskun á taugaþroska og kemur oftast en ekki fram á unga aldri. Einhverfa er skilgreind sem gagntæk þroskaröskun sem hamlar þroska (Robledo og Ham-Kucharski, 2008, bls. 15; World Health Organization, 1993). Einkennum einhverfu er hægt að skipta í þrennt. Í fyrsta lagi einkenni sem snúa að tengslum og samspili við aðra. Í öðru lagi einkenni sem varða mál og tjáskipti og í þriðja lagi árátthegðun. Hér að neðan verður fjallað stuttlega um hvern þátt fyrir sig.

2.3.1 Tengsl og samspil við aðra

Einkennum í tengslum og samspili er oft lýst þannig að einstaklingurinn sem er með einhverfu er í sínum eigin heimi og hefur ekki áhuga á því sem er að gerast í kringum sig. Erfitt getur verið að mynda augnsamband við viðkomandi. Þeir eiga einnig í erfiðleikum með látbragð og svipbrigði ásamt því að líkamsstaða getur verið undarleg í samskiptum. Þessir þættir gera þeim á einhverfurófinu erfiðara fyrir að eiga í samskiptum við aðra. Einstaklingarnir eiga í flestum tilvikum einnig í erfiðleikum með að mynda tengsl við aðra þar sem skortur er á að skilja tilfinningar annarra og að vera í návist annarra skiptir þá oft engu máli (World Health Organization, 2016; World Health Organization, 1993; Páll Magnússon, 1993).

2.3.2 Mál og tjáskipti

Flestir sem eru með einhverfu hafa verið með seinkaðan málþroska í æsku og um helmingur þeirra fær aldrei mál sem mun nýtast þeim í samskiptum við aðra. Erfiðleikarnir eru töf eða skortur á þróun talmáls, hafa frumkvæði í samskiptum og halda samræðum uppi. Málnotkun er ekki notuð á réttan hátt það er orðanotkun, orðasambönd og tónhæð er óvenjuleg. Tónfall er ekki heldur í samræmi við aðstæður. Mál hjá þeim sem læra að tala getur verið óvenjulegt

en þar er bergmálstal algengt og getur málið verið stelgd að formi og innihaldi (World Health Organization, 2016; World Health Organization, 1993; Páll Magnússon, 1993).

2.3.3 Árátтуhegðun

Einkenni árátтуhegðunar geta komið fram á ýmsan máta. Einkennin geta verið eftirfarandi, sérkennilegar endurteknar hreyfingar í höndum, fingrahreyfingar, snúningshreyfingar eða flóknar líkamshreyfingar. Þráhyggja að fylgja ákveðnum rútinum í daglegu lífi og ekkert má fara á mis við rútinuna þá getur það valdið einstaklingnum mikilli vanlíðan og óróleika. Undarlegur áhugi á eiginleikum einstakra hluta til dæmis lykt eða áferð þeirra og getur einstaklingurinn eytt miklum tíma í það að lykta af hlutum og strjúka. Þetta er aðeins hluti af þeim einkennum sem geta komið fram í árátтуhegðun og alls ekki tæmandi listi (World Health Organization, 1993; World Health Organization, 2016; Páll Magnússon, 1993).

2.3.4 Sérvitringar

Sérvitringar (e. Savant) eru sjaldgæfir en þetta eru einstaklingar sem eru með ótrúlegar gáfur þó að þeir eiga við þroskaröskun að stríða. Sérvitringar geta til dæmis haft mikla stærðfræðihæfileika og geta oft reiknað á ljóshraða. Einnig hafa þeir skarað fram úr á hinum ýmsu sviðum til dæmis tónlist og listum en þar takast þeir á við erfið tónverk án þess að hafa nokkurn tímann hlotið þjálfun. Einnig eru dæmi um að sérvitrir einstaklingar hafi ljósmyndaminni og muni ótrúlegustu hluti þrátt fyrir að hafa aðeins séð þá einu sinni. Þessir einstaklingar geta einnig haft óaðfinnanlegt minni sem þeir geta nýtt sér nánast áreynslulaust (Robledo og Ham-Kucharski, 2008, bls. 27; World Health Organization, 1993).

2.4 Félagslegar hliðar fötlunar

Skert hæfni einstaklinga á einhverju sviði getur haft áhrif á hvernig líðan þeirra er og hvernig viðhorf þeirra er bæði til sjálfs síns og annarra. Ef einstaklingur er með skerta hæfni á einhverju tilteknu sviði til dæmis með talmál og á í erfiðleikum með að gera sig skiljanlegan þá getur hann upplifað ósigra í samskiptum við annað fólk. Algengt er að þessir erfiðleikar

geti valdið reiði hjá einstaklingnum og að þeir skynji sig sem einskis virði (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993, bls. 149). Félagslegar aðstæður sem einstaklingar með einhverfu eru í geta ýmist dregið úr eða aukið áhrif fötlunar þeirra. Neikvæð áhrif geta verið þegar einstaklingurinn fær of lítið að reyna á sig og er oftast hjálpað við viðfangsefnið sitt. Með tímanum getur þetta aukið fötlun þeirra þar sem þeim er ekki gefinn tími og rými til að læra að takast á við viðfangsefnið. Á hinn bóginn er einnig hægt að fara öfgakennt í hina áttina og ekki sætta sig við fötlunina hjá einstaklingnum og afneitað henni. Þar er komin upp sú staða að einstaklingurinn fær ekki þá hjálp sem hann þarf og ekki er komið til móts við sérþarfir hans. Oftast gerist það með tímanum að nánustu vinir og fjölskylda einstaklingsins aðlagast að þörfum hans (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993, bls. 150).

Fötlun einstaklingsins hefur ekki aðeins áhrif á hann og líf hans heldur nær hún einnig til hans nánustu og getur haft talsverð áhrif á líf þeirra. Fjölskylda einstaklingsins þarf að takast á við mikla breytingu og aðlögun. Fötlun hefur óhjákvæmilega áhrif á alla í fjölskyldunni og hlutverk hvers og eins breytist. Systkini þurfa að takast á við ábyrgðarhlutverk sem aðrir jafnaldrar þurfa ekki. Fötlunin getur haft áhrif á tekjumöguleika foreldra því erfiðara er að sinna vinnu með fatlað barn enda getur margt verið flóknara í umönnun fatlaðs barns. Sú skerðing á tekjum eykur enn á vanda aðstandenda því ýmis kostnaður getur fylgt sérþörfum fatlaðra. Mikið álag verður á fjölskylduna og þarf hún að takast á við ýmislegt, þar á meðal streitu en mikilvægt er fyrir foreldrana að vera heiðarlegir gagnvart sjálfum sér og viðurkenna að það geti verið erfitt að ala upp fatlað barn. (María Játvarðardóttir, 2008).

2.5 Fötlunarfræði

Fötlunarfræði er ung fræðigrein sem á sér tengingar í félagsfræði, mannfræði, sálfræði og fleiri fræðigreinum. Fötlunarfræði er að koma með breytta sýn inn í hugmyndir manna um fötlun og viðhorf þeirra gagnvart fötluðum einstaklingum. Mismunur fatlaðra hefur ekki verið almennilega viðurkennd fyrr en á síðustu áratugum en með hjálp frá hinum ýmsu hagsmunasamtökum um baráttumál fatlaðra hefur fötlunarfræðin komið sterk inn og sameinað fræðistörf og mannréttindabaráttu í þágu fatlaðra (Rannveig Traustadóttir, 2003, bls. 9-12). Megineinkenni fötlunarfræðanna hefur verið að gagnrýna hið læknisfræðilega sjónarhorn á fötlun og að það sé nauðsynlegt að þróa nýjan skilning sem tekur mið af umhverfis, félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum þáttum (Rannveig Traustadóttir, 2006, bls. 22). Þessi gagnrýni hefur haldist í hendur við baráttu fatlaðs fólks og þeirra sem starfa í þeirra þágu og eru að beita sér fyrir málefnum fatlaðra.

Eitt einkenna fötlunarfræða er hvað er það sem telst vera eðlilegt. Því er einnig mótmælt að ýmsar skerðingar hjá einstaklingi sé taldar vera galli eða afbrigðileiki. Þeir sem aðhyllast fötlunarfræðina telja að skerðingar séu eðlilegur hluti af því sem fjölbreytileg manneskja er (Rannveig Traustadóttir, 2006, bls. 23). Fötlunarfræðin kemur þannig með nýja sýn á gamlar skilgreiningar á fötlun og spyr ögrandi spurninga og vekur þar af leiðandi athygli á því að fötlun er mikilvægt en vanrækt svið og á vanti mannlega þáttinn sem nauðsynlegt er að leggja meiri áherslu á (Rannveig Traustadóttir, 2003).

2.6 Réttindi fatlaðs fólks

Mannréttindi eru fyrir alla óháð stétt eða stöðu fólks í samfélaginu en hvað er átt við með mannréttindum. Hugtakið hefur verið skilgreint á ýmsa vegu en dr. Henrik Zahle skýrir það á eftirfarandi hátt í þýðingu Brynhildar G. Flóvenz:

„Mannréttindi eru réttindi sem (siðferðilega eða stjórnfélalega) gengið er út frá að gildi fyrir alla, eða sem (lögfræðilega) gilda fyrir alla. Mannréttindi eru réttindi fyrir allar manneskjur” (Brynhildur G. Flóvenz, 2004, bls. 19).

Sameinuðu þjóðirnar hafa gert mikið fyrir fatlaða í gegnum tíðina og markvisst starf þeirra á sér langan aðdraganda en hér verða skoðaðir nokkrir áfangar sem hafa náðst. Árið 1971 var samþykkt „Yfirlýsing um réttindi andlegra vanheila” (e. Declaration on the rights of mentally retarded persons) af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og svo fjórum árum seinna kom „Yfirlýsing um réttindi fatlaðra” (e. Declaration on the rights of disabled persons). Sameinuðu þjóðirnar útnefndu svo 1981 ár fatlaðra en það ár var notað til þess að vekja athygli á málefnum fatlaðs fólks og unnið í því að bæta hag þess (Brynhildur G. Flóvenz, 2004, bls. 20). Hápunkturinn var þegar allsherjarþingið samþykkti síðan framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra (e. World program of action concerning disabled persons). Framkvæmdaáætlunin er með settar leiðbeiningar eða reglur um það hvernig skal setja upp áhrifaríkar aðferðir sem draga úr fötlun, bæta endurhæfingu fatlaðra og vinnu við það að auka jafnrétti og stuðla að fullri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu (Brynhildur G. Flóvenz, 2004, bls. 20).

Framkvæmdaáætlunin hefur að geyma hvaða sérstöku réttindi fatlað fólk hefur og hvernig þau réttindi aðstoða það við að bæta réttastöðu sína. Framkvæmdaáætlunin leggur ríka áherslu á að allar manneskjur eiga að hafa jöfn tækifæri á við aðra. Þetta leiddi í raun til útvíkkunar á hugtakinu mannréttindi fyrir fatlað fólk en þar fólst réttur til þess að fá jöfn tækifæri á við aðra borgara og að fá jafna hlutdeild í þeirri efnahagslegu og félagslegu velferð sem á sér stað í heiminum (Brynhildur G. Flóvenz, 2004, bls. 21). Árin 1983-1992 var útnefndur áratugur fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum en að honum loknum voru samþykktar *Meginreglur Sameinuðu þjóðanna um jöfn tækifæri fyrir fatlaða* (e. Standard rules on the equalization of opportunities for persons with disabilities). Árið 1994 var skipaður sérstakur

talsmaður fyrir fatlaða við félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna. Vinnuhópur með fulltrúum aðildarríkjanna á vegum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna var settur á laggirnar árið 2001 með það markmið að undirbúa drög að alþjóðasamningi til þess að vernda og bæta réttarstöðu og virðingu gagnvart fötluðum (Brynhildur G. Flóvenz, 2004, bls. 21).

Samningur um réttindi fatlaðs fólks (e. Convention on the rights of persons with disabilities) kom svo út til undirritunar 30. mars 2007. Í 1. gr. samningsins kemur fram:

„Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess. Til fatlaðs fólks teljast m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra” (Samningur um réttindi fatlaðs fólks ísl. þýðing, 2013).

Nú þegar samningurinn hefur litið dagsins ljós er ljóst að stórum áfanga hefur verið náð í baráttu fatlaðs fólks fyrir réttindum sínum. Í samningnum kemur meðal annars fram í 8. gr. að það þurfi að standa að vitundarvakningu í samfélaginu og bera virðingu fyrir réttindum þess og mannlegri reisn. Að auki kemur fram að auka þarf vitund um getu og framlag hjá fötluðu fólki og að vinna þarf á móti staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðum á öllum sviðum lífsins. Aðgerðartillögur sem koma fram í samningnum eru til dæmis átaksverkefni um vitundarvakningu hjá almenningi sem taka mið af því að efla jákvæða ímynd fatlaðs fólks og efla vitund almennings í samfélaginu um réttindi fatlaðra og málefnum þeirra. Fjölmiðlar eru þar að auki hvattir til þess að hafa birtingarmynd þeirra þannig að hún samræmist tilgangi samningsins (Samningur um réttindi fatlaðs fólks, 2013). Það er til dæmis að sýna fatlaða í réttu ljósi, en ekki endilega sem ofbeldisfulla einstaklinga

sem þarf að varast og loka af frá samfélaginu eins og oft er gert (Coleman, Brunell og Haugen, 2015).

Það er einnig athyglisvert að það skuli vera tekið sérstaklega fram að til þess að ná fram markmiðum samningsins um réttindi fatlaðs fólks að fjölmiðlar verði að sýna fatlaða í því ljósi sem samræmist hugmyndum samningsins. Það eitt og sér gefur í skyn hversu útbreitt það viðhorf er að fjölmiðlar stjórni að vissu leiti hugmyndum og viðhorfum okkar gagnvart öðrum samfélagshópum. Fjölmiðlafraeðingurinn Neil Postman sagði einmitt að sjónvarpið hefði mikil völd yfir lífi okkar og ímyndunaraflí. Sjónvarpið væri alltaf til staðar og spyrði ekki um stöðu okkar í samfélaginu eða um aldur. Myndin sem sjónvarpið birtir af heiminum væri sú mynd sem farið væri eftir í samfélaginu hverju sinni (Hodkinson, 2011). Það er einmitt sú mynd sem verið er að deila um og hvernig farið sé með hana, slík eru þau möguleg áhrif sem sjónvarpið hefur sem miðill og upplýsingaveita. Eru upplýsingar sem þar koma fram réttar og settar fram sem raunhæf túlkun eða sem afþreyingarefni, sem er þá ætlað að búa til hagnað en ekki stuðla að bættu viðhorfi almennings gagnvart fötluðum?

2.7 Birtingarmynd og fjölmiðlar

Fjölmiðill er skilgreindur sem lögaðili, stofnun eða fyrirtæki sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar og skilaboð með það í huga að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði (Menntamálaráðuneytið, 2004). Fjölmiðill hefur ýmsar leiðir til þess að dreifa þeim upplýsingum sem hann safnar að sér. Þær geta verið í gegnum prentmiðla sem flokkast þá undir dagblöð, tímarit, bæklinga og fleiri áþreifanlega hluti. Ljósvakamiðlar eru til dæmis sjónvarp, útvarp og kvikmyndir og dreifa þeir skilaboðum sínum rafrænt (Petersson og Petersson, 2005). Hlutverk fjölmiðla í nútímalýðræðisríki eru mörg, fjölmiðlar fræða, upplýsa og móta skoðanir almennings. Hægt er að segja að fjölmiðlar séu spegill samfélagsins á hverjum tíma og séu mótunarafl með því hvað þeir birta hverju

sinni (Menntamálaráðuneytið, 2004). Fjölmiðlar hafa getuna til þess að aðlaga viðhorf almennings til samfélagsins. Skilaboðin eða fréttirnar eða afþreyingarefnið sem fjölmiðlar koma með hverju sinni er þeirra leið til að benda á að málefnið sem þeir kynna og telja að skipti máli fyrir samfélagið. Almennigur hefur ekki áhuga á skilaboðunum nema þeim sé veitt athygli og því eru fjölmiðlar mikilvægt tæki til þess ná til almennings (Berger, 1995).

Fjölmiðlafræðingurinn Marshall McLuhan skilgreinir miðlana eftir því hvort þeir væru heitir eða kaldir (e. Hot or cool media). Heitir miðlar eru með mikið af upplýsingum og þarf því neytandinn að hafa fyrir því að ná skilaboðum miðilsins. Kvikmyndir eru samkvæmt McLuhan heitir miðlar því það er ætlast til mikils af áhorfendum til að ná innihaldi kvikmyndarinnar. Kaldir miðlar samkvæmt McLuhan eru til dæmis sjónvarpið því þar þarf neytandinn ekki að hafa jafn mikið fyrir því til að meðtaka upplýsingarnar sem þar birtast (McLuhan, 1964).

Sjónvarp er sá miðill sem er eitt besta dreifingartæki efnis í samfélagi okkar og spila kvikmyndir þar stórt hlutverk sem afþreyingarefni fyrir almenning. Fjölmiðlar, þar sem sjónvarpið er stór hlekkur, breyta kannski ekki skoðunum fólks sem þegar hefur mótað sér þær en einstaklingar geta þó mótað sér eða bætt við skoðanir sínar með því að bera þær saman við það efni sem kemur fram í miðlinum. Miðillinn getur þó haft áhrif á skoðanir fólks og mótað þær á einhverju sem einstaklingurinn hefur ekki myndað sér skoðun á eða þegar hann þekkir ekki viðfangsefnið (Stefán Jón Hafstein. 1987). Fjölmiðlar eru í þeirri stöðu til að getað mótað samfélagið og skoðanir hjá áhorfendum en það fer allt eftir því hversu gott efnið er sem birtist á miðlinum. Þetta helst í hendur við það hversu upplýst samfélagið er hverju sinni (Hodkinson, 2011). En því upplýstara sem það er því minni áhrif hafa fjölmiðlar á áhorfendur og viðhorf þeirra.

Kvikmyndir eru mjög aðgengilegar fyrir almenning svo sem í kvikmyndahúsum, sjónvarpi, netinu og myndefnaveitum (e. Video on demand). Kvikmyndir eru ákveðinn

áhrifavaldur og geta mótað hvernig viðhorf samfélagsins er til fatlaðs fólks. Þó svo að kvikmyndir skemmti og séu afþreyingarefni fyrir almenning þá veita þær samtímis áhorfendum upplýsingar, t.d. um fötlun í gegnum linsu kvikmyndagerðarmannsins. Kvikmyndir eru því ákveðið mælitæki á almenningsvitund og bjóða upp á nokkurs konar ökutæki til að skilja fötlun (Safran, 2000). Spurningin er samt sem áður hvernig sú linsa er nýtt og hvort hún geri meiri skaða en gagn gagnvart fötluðum og réttindum þeirra.

Hugtakið staðalímynd er upprunalega komið frá blaðamanninum Walter Lippmann en árið 1922 lýsti hann því sem mynd sem hugurinn framleiðir til að hjálpa manni við það að skilja margbreytileika umhverfisins og þannig gera hinn félagslega heim einfaldari (Lippmann, 1998). Fatlað fólk í kvikmyndum hefur ávallt verið með þá birtingarmynd að vera ákveðin staðalímynd (e. Stereotype). Staðalímynd er þegar fólk er með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópum eða stétt innan samfélagsins, en staðalímyndir geta haft jákvæð eða neikvæð áhrif (Jafnréttisstofa orðabók). Ræktunarkenning George Gerbner fjallar um mikilvægi fjölmiðla og áhrif þeirra á samfélagið. Þar sem fjölmiðlar hafa valdið til þess að aðlaga viðhorf er hættan á því að almenningur fari að líta á birtingarmynd heimsins út frá því sem birtist í fjölmiðlunum. Kenningin heldur því fram að fjölmiðlar skipti út raunverulegri mynd af heiminum og setji ranga og brenglaðari mynd í staðinn. Þessi birtingarmynd sem kemur í staðinn getur því gefið almenningi ranga mynd af raunveruleikanum (Berger, 1995).

Algengar staðalímyndir fatlaðs fólks í kvikmyndum hafa oftar en ekki verið persónur sem eru ósjálfbjarga og byrði fyrir fjölskylduna sína og samfélagið. Hetjur eru algengar staðalímyndir, einnig ofbeldishneigt fólk og vanhæft (Coleman, Brunell og Haugen, 2015) en þær kvikmyndir sem fjallað verður um hafa að geyma þessar staðalímyndir. Þær staðalímyndir sem koma þar fram haldast í hendur við læknisfræðilega sjónarhornið sem hefur einmitt haft áhrif á viðhorf almennings gagnvart fötluðum í gegnum tíðina.

Staðalímyndir í kvikmyndum hafa það hlutverk að vekja upp ákveðnar tilfinningar hjá áhorfendum sem ekki eru fatlaðir í garð fatlaðra í stað þess að gefa áhorfendum innsýn í líf og reynsluheim fatlaðs fólks (Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2007).

Oft er það gert í daglegri umræðu að nota orðið „fatlaður” yfir mjög svo fjölbreyttan hóp einstaklinga til dæmis hreyfihamlaða, heyrnarlausna og einstaklinga með einhverfu. Það gefur til kynna að allir þeir sem eiga við einhverja fötlun að stríða séu eins en hið rétta er auðvitað að allir þeir einstaklingar sem eru ófatlaðir eru nokkurn veginn eins, miðað við fjölbreytnina hjá þeim sem eru með svokallaða fötlun (Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2007, bls. 332).

3 Kvikmyndirnar

Kvikmyndirnar fjórar sem fjallað verður um hér að neðan hafa margt sameiginlegt meðal annars að hafa hlotið tilnefningar til Óskarsverðlaunanna en þrjár af þeim unnu til verðlauna. Aðalpersónan í hverri kvikmynd fyrir sig á það sameiginlegt að vera með verulega skerta vitsmunalega og félagslega færni eða með öðrum orðum þroskahömlun en leikararnir sem léku aðalhlutverkin hafa það allir sameiginlegt að hafa verið tilnefndir til Óskarverðlauna sem besta leikari í aðalhlutverki en tveir af þeim unnu til verðlauna fyrir frammistöðu sína. Fyrsta kvikmyndin sem fjallað verður um er kvikmyndin Forrest Gump með Tom Hanks í aðalhlutverki en sú kvikmynd hlaut sex Óskarsverðlaun árið 1994 fyrir bestu kvikmyndina, besta leikari í aðalhlutverki, besta leikstjórninn, besta handrit unnið upp úr áður birtu efni, klippingu og loks tæknibrellur en alls hlaut hún þrettán tilnefningar það árið. Önnur er kvikmyndin Rain Man þar sem Dustin Hoffman fer með annað aðalhlutverkið. Kvikmyndin er frá árinu 1988 og hlaut alls átta tilnefningar til Óskarsverðlaunanna og vann helming þeirra en sigur flokkarnir voru besta kvikmyndin, besta leikarinn í aðalhlutverki, besta leikstjórninn og besta handritið. Þriðja kvikmyndin í röðinni er Sling Blade frá árinu 1996 og fékk hún tvær tilnefningar til Óskarsverðlauna, annars vegar fékk Billy Bob Thornton tilnefningu fyrir besta

leika í aðalhlutverki og hinsvegar besta handrit unnið upp úr áður birtu efni sem áður nefndur Billy Bob Thornton skrifaði sjálfur. Fjórða og síðasta kvikmyndin er I am Sam frá árinu 2001 en þó að hún ynni ekki til Óskarverðlauna fékk hún eina tilnefningu sem var fyrir besta leik í aðalhlutverki og heldur þar með sameiginlega þemanu uppi um það að þeir leikarar sem voru í aðalhlutverki fengu Óskarstilnefningu fyrir túlkun sína á einstaklingum með þroskahömlun.

3.1 Forrest Gump

Kvikmyndin Forrest Gump frá árinu 1994 er byggð á samnefndri sögu eftir Winston Groom. Myndin fjallar um persónuna Forrest Gump frá Alabama í suðurríkjum Bandaríkjanna. Forrest Gump elur manninn í Greenbow, Alabama hjá móður sinni en faðir hans yfirgaf þau þegar Forrest var smábarn. Forrest er með þroskahömlun og er hann á eftir í vitsmunapróska meðal barna á sínum aldri en honum er mikið strítt fyrir vikið. Hér er honum mikið strítt fyrir að vera öðruvísi og er strax dregin upp sú staðalímynd af honum sem óheppnu fórnarlambi þar sem notast er við sjónarmið læknisfræðinnar (Rannveig Traustadóttir, 2003). Hans eini vinur í æsku er Jenny sem á eftir að snerta líf hans til muna seinna meir. Móðir hans leggur mikla áherslu á að hann lifi eðlilegu lífi þrátt fyrir takmarkanir sínar. Hún gerir allt til þess að hann fái sömu tækifæri í lífinu og jafnaldrar hans og komist áfram á eigin verðleikum. Það má segja að hér sé móðir hans að nota fötlunarfræði kenningar og reyna að fjarlægja læknisfræðilega sjónarhorn almennings gagnvart honum og koma norræna tengslasjónarhorninu að og benda á það að fötlun er aðstæðubundin (Rannveig Traustadóttir, 2006). Hún er hér með að leggja áherslu að fjarlægja þessar samfélagslegu hindranir til þess að hann fái betri tækifæri í lífinu.

Forrest uppgötvar það að hann getur hlaupið mjög hratt eftir að vera eltur af hrekkjusvínnum skólans og hlífðarbúnaðurinn sem hann var með til að halda bakinu beinu vegna hryggskekkju brotnar af. Seinna á æviskeiði hans á þessi hlaupageta hans eftir að nýttast honum vel í lífinu. Eftir menntaskóla liggur leið hans í háskólanám þar sem hann er á

Íþróttastyrk í amerískum fótbolta. Í háskóla verður hann íþróttastjarna og vinnur til verðlauna í sinni íþrótt. Fyrir tilstilli verðlaunanna fær hann þess heiðurs aðnjótandi að fara í hvíta húsið til að hitta þáverandi forseta Bandaríkjanna John F. Kennedy. Þegar hér er komið til sögu er hetjustaðalímyndin þegar kominn á Forrest sem íþróttahetju og hefur hann sigrast á líkamlegu fötlun sinni það er að segja hryggskekkjunni í æsku. Eftir háskólanám skráir Forrest sig í herinn en þar kynnist hann Bubba sem verður um leið besti vinur hans. Bubba þessi er af ætt rækjuveiðimanna og ákveða þeir að stofna rækjuveiðifyrirtæki saman þegar dvöl þeirra í hernum líkur. Þeir enda saman í deild hjá fyrsta liðsforingjanum Dan Taylor en Dan þessi á eftir að verða stór partur af lífi Forrest seinna meir. Í Víetnam stríðinu verða þeir fyrir fyrirsát þar sem Forrest bjargar særðum liðsfélögum sínum þar á meðal besta vini sínum Bubba og Dan yfirmanni sínum. Ekki gekk þetta áfallalaust því Dan missir fæturna í fyrirsátinu og Bubba deyr af sárum sínum. Fyrir hetjudáð sína fær Forrest æðstu heiðursorðu frá forseta bandaríkjanna Lyndon B. Johnson. Staðalímynd stríðshetjunnar er stimpluð hér á hann og fær hann æðstu heiðursorðu Bandaríkjanna fyrir hetjudáðið en það er eitthvað sem flestum hermönnum dreymir um að fá.

Forrest uppgötvar að hann hefur mikla hæfileika í borðtennis og fer að keppa fyrir herlið bandaríkjanna. Leið hans liggur til Kína þar sem hann slær í gegn fyrir ótrúlega hæfni í borðtennis. Frægð hans í borðtennis kemur honum í marga af frægustu spjallþáttum bandaríkjanna á þeim tíma og í einum svoleiðis er hann gestur ásamt John Lennon. Í þeim þætti reynir hann eftir bestu getu að lýsa upplifun sinni í Kína og honum tekst í leiðinni að vera innblástur fyrir Imagine lagið hans John Lennons. Frægð hans sem borðtennisstjarna hersins kemur honum enn og aftur í hvíta húsið til að hitta þáverandi forseta Bandaríkjanna Richard Nixon. Í þessari heimsókn í hvíta húsið fær Forrest að gista á Watergate hótelinu þar sem hann ljóstrar óvart upp um Watergate hneykslið.

Forrest hefur afrekað mikið í myndinni hingað til þrátt fyrir fötlun sína og er orðinn fægur eftir að hafa komið fram í sjónvarpsþáttum, hitt marga forseta og jafnvel óviljandi uppljóstrað einu stærsta hneyksli í pólitískri sögu Bandaríkjanna. Hér hefur Forrest sjálfur lagað umhverfið sitt að sér í samræmi við norræna tengslasjónarhornið og fötlunarfræða að sér og nýtir það sem styrkleika í lífi sínu. Vegna þroskahömlunar hugsar hann öðruvísi og jafnvel á einfaldari hátt en við hin og er það sakleysi hans helsti styrkleiki í lífinu.

Eftir herinn ákveður hann að stofna rækjuveiðifyrirtæki til heiðra loforðið sem hann gaf Bubba. Hann notar peninginn sem hann fékk fyrir borðtennis spilamennskuna og kaupir bát. Dan verður honum innan handar á bátinum. Í fyrstu gekk ekkert hjá þeim þar til að fellibylur eyðileggur alla aðra báta á svæðinu og þeir einir standa eftir með alla veiðina. Fyrirtækið fær nafnið Bubba Gump Shrimp og verða þeir báðir vellauðugir á velgengni fyrirtækisins. Forrest skilur fyrirtækið eftir í höndum Dan og heldur heim á leið til þess að huga að móður sinni sem er komin við dauðans dyr. Dan fjárfestir fyrir hönd rækjufyrirtækisins í Apple tölvufyrirtækinu sem var nýbúið að stofna. Þessi fjárfesting átti heldur betur eftir að gera þá ennþá ríkari en Forrest hélt alla tíð að Apple fyrirtækið væri eitthvað ávaxta fyrirtæki. Eftir að móðir Forrest deyr flytur hann í gamla húsið sem hann ólst upp í. Hann gefur mikið af peningum til ýmissa góðgerðarmála og stóran hlut til fjölskyldu Bubba. Einn daginn kemur til hans æsku vinkonan og æskuástin Jenny til að gista. Hann biður um hönd hennar en hún hafnar honum. Eftir að hafa eitt nóttinni saman fer Jenny, Forrest verður miður sín yfir því að Jenny yfirgaf hann og fer út að hlaupa. Þetta hlaup átti eftir að endast í þrjú ár þar til einn daginn stoppar hann og heldur heim á leið. Þegar heim var komið fær hann bréf frá Jenny sem vill fá að hitta hann. Hann hittir hana á heimili hennar þar sem hún kynnir hann fyrir syni sínum sem heitir líka Forrest. Hún segir honum að faðir hans heiti líka Forrest. Forrest eldri heldur að faðir drengsins heiti sama nafni og hann en Jenny þarf að útskýra fyrir honum að hann sé í raun faðir drengsins. Þessar yfirþyrmandi fréttir verða til þess að Forrest verður

hræddur um að strákurinn sé með þroskahömlun líkt og hann sjálfur en svo er ekki. Jenny biður Forrest um að giftast sér eftir að hafa fengið þær fréttir að hún væri með óþekktan sjúkdóm. Forrest segir já og þau flytja á æskuheimilið hans í Alabama. Svo fer að Jenny deyr vegna óþekkta sjúkdómsins og Forrest er einn eftir að hugsa um strákinn sinn.

3.2 Rain Man

Kvikmyndin Rain Man frá 1988 fjallar um bræðurna Charlie Babbit (Tom Cruise) og Raymond Babbit (Dustin Hoffman) en Raymond er bæði sérvitringur (e. Savant) og með einhverfu (e. Autism). Persóna Raymonds er lauslega byggð á einum frægasta ofvita heims, Kim Peek. Kim hefur meðal annars ljósmyndaminni og er með gríðarlegan leshraða en hann getur lesið bók á klukkutíma og munað 98% af efninu. Hann hefur getu til þess að lesa tvær blaðsíður samtímis með sitthvoru auganu og hefur lagt á minnið yfir tólf þúsund bækur (Kim Peek, 2009).

Myndin hefst á því að Charlie er að flytja inn lúxusbíla til endursölu. Hann þarf að hafa hraðar hendur vegna þess að kaupendur á bílunum eru orðnir óþolinmóðir þar sem þeir eru þegar búnir að leggja fram pening til Charlie til þess að hann gæti borgað upp lánið sem hann tók til að kaupa bílana. Charlie fær síðan fréttir að faðir hans sem hann hafði ekki gott samband við væri látinn. Hann og kærastan Susanna (Valerina Golino) ferðast á hans heimaslóðir til þess að fá út úr dánarbúinu. Hann kemst að því að hann fær verðmætan fornbíl en mest megnið af peningum í dánarbúinu fara til ónefnds fjárhaldsmanns. Með klókindum kemst hann að því að peningurinn fer á geðsjúkrahús þar sem Raymond bróðir hans er en Charlie hafði ekki hugmynd um að hann ætti bróðir. Raymond er mjög vanafastur í lífinu sem ekki má trufla og líður vel á geðsjúkrahúsinu. Þar hefur hann tök á því að lifa sínu lífi án röskunar á vanafestunni. Þarna kemur greinilega fram það viðhorf að loka eigi fatlað fólk af frá almenningi og það sé gert til að auðvelda þeim lífið, þeim líður jú svo vel á stofnunum. Þetta viðhorf er fjölmiðillinn, í þessu tilviki kvikmyndin, að endurspeglar viðhorf almennings

gagnvart fötluðum og er jafnframt að móta það. Raymond er með stórkostlegt minni en gefur lítið af sér tilfinningalega nema í neyð. Hér eru einhverfu einkenni Raymond sterk þar sem hann er mjög vanafastur og með mikla áráttu hegðun. Raymond er undir verndarvæng lækna sem hugsa um hann og hans mál. Svo fer að Charlie laumar Raymond út úr geðsjúkrahúsinu. Hann hefur síðan samband við lækni Raymonds um láta sig fá helming í dánarbúinu og þá skal hann skila bróður sínum á geðsjúkrahúsið. Eftir að læknir Raymonds neitar þessari bón ákveður Charlie að reyna fá forræði yfir bróður sínum. Susanna kærasta Charlie ofbýður þessi hegðun hans og fer frá honum. Leið þeirra liggur til Los Angeles en ekki áfallalaust því vegna vanafestu og áráttu hegðunar Raymonds geta þeir ekki ferðast á ákveðnum tímum. Raymond þarf til dæmis að horfa á sinn sjónvarpsþátt á ákveðnum tíma og vera farinn í háttinn fyrir klukkan 11 á kvöldin. Ekki er hægt að taka flugvél því Raymond veit um öll flugslys sem hafa gerst og tekur ekki áhættuna á því að fljúga. Ekki er hægt að keyra á þjóðveginum vegna þess að þeir keyrðu fram hjá slysi og Raymond vill því ekki taka þá áhættu að halda áfram á þjóðveginum. Á meðan ferð þeirra bræðra stendur kemst Charlie að Raymond hefur stórkostlegt minni þar sem hann getur þulið upp alla í símabókinni. Þar að auki er hann mannleg reiknivél og getur reiknað og talið hluti sem eru langt því frá að geta talist venjulegt fyrir hinn almenna mann. Myndin á þessum tímapunkti í sögunni kemur með staðalímyndina að allir sem eru með einhverfu eru snillingar eins og Kim Peek og hafa getu til þess að muna nánast allt sem þeir sjá eða lesa. En þrátt fyrir afburðargreind á Raymond í erfiðleikum með einföldustu hluti sem aðrir taka sem sjálfsögðum hlut til dæmis getur hann ekki fyrir sitt litla líf giskað á hvað súkkulaðistykki út í búð gæti kostað.

Charlie kemst að því að Raymond bjó hjá fjölskyldu hans þegar hann var yngri en var sendur í burtu þegar hann óvart brenndi Charlie alvarlega. Svo fer að lúxusbílarnir sem Charlie var að flyja inn eru teknir af kröfuhöfum og Charlie er þar með kominn í mikla skuld. Þeir bræður fara því til Las Vegas til þess að vinna peninginn tilbaka og nota reiknigáfu

Raymonds í því skyni að telja spilin. Þeir vinna sér inn mikinn pening en er hent út úr spilavítinu þar sem þeir voru að svindla á kerfinu en þrátt fyrir það halda þeir peningnum. Myndin magnar hér upp einhverfu snilligáfu staðalmyndina til að koma Raymond í hetjuhlutverkið til að bjarga máluum fyrir bróður sinn. Charlie er þar með kominn með nóg til þess að borga skuldir sínar og Susanna kærastan hans er komin til hans aftur. Í Los Angeles er lækni Raymond mættur og bíður honum pening með því skilyrði að hann láti sig hverfa úr lífi Raymonds. Charlie neitar þessu og vill taka virkann þátt í lífi bróður síns. Á fundi um forræði yfir Raymond sýnir dómskvaddur geðlæknir fram á það að Raymond hefur ekki getu til þess að ákveða hjá hverjum hann vill vera hvort sem það er hjá Charlie eða á geðsjúkrahúsinu. Á þessum punkti kemur þroskahömlunin í ljós hjá Raymond og hann gerir sér ekki grein fyrir aðstæðunum sem hann er í og getur ekki tekið upplýsta ákvörðun um velferð sína. Charlie grípur inn í og ákveður að það sé best fyrir Raymond að fara aftur á geðsjúkrahúsið. Þeir eiga saman tilfinningaþrungna stund þar sem Charlie segir Raymond hvað hann er ánægður að hafa hann fyrir stóra bróður. Myndin endar á því að Charlie kveður Raymond á lestarstöðinni, þar sem hann heldur heim á leið með læknum sínum. Charlie heitir því að heimsækja hann eftir tvær vikur og bíður hann um að segja sér hvað það eru margir dagar. Raymond gerir gott betur og segir honum hvað það eru margar mínútur og sekúndur.

3.3 Sling Blade

Kvikmyndin Sling Blade fjallar um Karl Childers (Billy Bob Thorton) sem er með þroskahömlun og á unga aldri myrti hann móður sína og elskhuga. Kvikmyndin hefst á því að Karl er á geðsjúkrahúsi og tveir blaðamanna nemar mæta og ætla að fá að taka viðtal við hann. Fangavörðurinn útskýrir fyrir þeim að Karl er með ákveðnar sérþarfir og vill ekki að það sé tekin mynd af honum og að ljósin þurfa að vera slökkt. Þegar í herbergið er komið má ekki spyrja hann neinna spurninga og hann lýsir því afhverju hann er þarna. Hér kemur aðeins

í ljós einkenni árráttuhegðunar sem hefur tengingar meðal annars við einhverfu. Hann lýsir því að hann var lagður í einelti í æsku, faðir hans lét hann sofa í holu í útiskúr. Þegar hann var tólf ára þá hélt hann að elskhugi móður hans væri að nauðga henni og drepur hann en þegar móðir hans mótmælir þá drepur hann hana líka.

Eftir að hafa verið þar nánast alla sína ævi á geðsjúkrahúsinu er tími Karl liðinn. Hann fer aftur í sinn gamla heimabæ og gengur illa að aðlagast lífinu utan veggja geðsjúkrahúsins og vill fá að fara aftur inn. En með því að sýna hann í þessu ljósi er verið að ýta undir þá staðalímynd að það sé fötluðum fyrir bestu að vera lokaðir af frá samfélagi og að þeir skuli jafnvel sækjast eftir því sjálfir. Það fer svo að hann fær vinnu á verkstæði því hann hefur alltaf verið handlaginn og getur lagað hvað sem er. Fyrstu dagana þar vinnur hann á daginn en er svo læstur inni í herbergi baka til á nóttunni. Hér er vegið að mannréttindum hans og komið fram við hann ekki sem menneskju heldur sem dýr sem læst er inni í búi þegar það er ekki undir eftirliti. Hér er birt mjög brengluð sýn á fatlað fólk og hvað viðhorfið var alveg sjálfsagt og saklaust að loka manninn inni þegar kollegar hans voru ekki við vinnu. Hér er hægt að tengja á mikinn hátt læknisfræðilega sjónarhornið þar sem einstaklingnum er lýst sem óheppnu fórnarlambi sem er háð öðrum og í þörf fyrir umönnun, lækningu eða þjálfun (Rannveig Traustadóttir, 2003). Þar sem hér er komið fram við hann eins og dýr sem þarf að loka inni en sú algenga staðalímynd að fatlað fólk er ekki að fullu mennskt og er nær dýrum en mönnum er hér haldið á lofti (Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2007). Hann kynnist ungum strák í hverfinu, Frank (Lucas Black), og myndast mikil vinátta á milli þeirra. Svo fer að Karl flytur inn til Franks og Lindu (Natalie Canderday) móður hans og þar með losnar hann frá því að vera læstur inni á nóttunni. Sterk tengsl eru á milli Karl og Frank og þeir opna sig fyrir hvor öðrum. Frank segir frá hversu erfitt hann á það eftir að faðir hans framdi sjálfsmorð og að kærasti móður hans sé hvorki góður við hann né móður sína. Karl segir Frank frá því þegar hann var sex ára lét faðir hans hann grafa nýfæddan bróður sinn

lifandi og undirstrikar þar með hversu slæm æska hans var. Karl vill að Frank líði ekki svona illa og finnst að strákar á hans aldri eigi ekki að líða svona illa. Doyle (Dwight Yoakum) kærasti Lindu er bæði drykkfelldur og ofbeldishneigður og lætur öllum í kringum sig líða illa með látum og stælum. Linda rekur hann út úr húsinu eftir að hann tekur eitt af sínum drykkfelldu æðisköstum. Það sama kvöld segir Karl Lindu frá því afhverju hann var á geðsjúkrahúsinu í öll þessi ár og lofar því að hann muni aldrei meiða hana og Frank.

Karl les mikið biblíuna og ákveður að láta skíra sig. Karl fær ósk sína uppfyllta með skírnarathöfn í á rétt við bæinn að viðstöddum nokkrum kunningjum. Daginn eftir eru Karl og Frank heima með Doyle og þegar Linda fer út í búð þá segir Doyle við Frank að hann sé kominn til að vera og nú skuli hann hlýða honum í einu og öllu og Karl þurfi að flytja út. Frank mótmælir þessu en þá reynir Doyle að slá hann en Karl stoppar hann og segir honum að aldrei skuli hann slá barnið. Karl hittir Lindu á leiðinni út og þakkar henni fyrir allt sem hún hefur gert fyrir hann. Birtingarmynd Karls er hér að mótast í hetju staðalímyndina og er hann búinn að taka að sér hlutverk verndarengils fjölskyldunnar. Karl hittir Frank við tjörnina þar sem þeir hittust reglulega og lætur hann fá bækurnar sínar og segist elska hann. Frank gerir sér grein fyrir því að Karl er að fara og þeir kveðjast en ekki fyrir en Karl biður Frank að taka móður sína og gista hjá ættingja um nóttina. Karl fer síðan um kvöldið á heimili Lindu og Franks með slátturvélablað sem hann var nýbúinn slípa til og þegar þar er komið hittir hann drukkin Doyle og spyr hann hvað númerið hjá lögreglunni er, eftir að Doyle segir honum það slær Karl hann tvisvar sinnum í höfuðið og klýfur hann nánast í tvennt. Karl hringir síðan á lögregluna og tilkynnir þeim að hann hafi drepið mann á heimili Lindu og Franks. Eftir það sest hann niður við elshúsborðið og snæðir mat.

Kvikmyndin endar svo á því að Karl er aftur kominn á geðsjúkrahúsið starandi út um gluggann. Hetju staðalímyndin er ítrekuð enn frekar þegar hér er komið að lokum í kvikmyndinni þrátt fyrir það að hafa drepið mann þá hefur áhorfandinn upplifað það að þetta

var það rétta í stöðunni til þess að brjarga Lindu og Frank. Karl er hér birtur í lokin sem hetja en einnig sem óheppið fórnarlamb umhverfisins sem hann var settur í. Sú mynd sem kvikmyndin setur fram líka er að þó svo Karl virki einfaldur og góður þá sé hann óútreiknanlegur og það hefði í sjálfu sér aldrei átt að sleppa honum út því án eftirlits og umönnunar verður voðinn vís. Hann endar því á þeim stað sem fatlaðir einstaklingar eiga að vera, það er lokaðir af frá samfélaginu. Staðalímyndin um að fatlaðir einstaklingar séu hættulegir er hér haldið hátt á lofti. Kvikmyndin er því enn frekar að ýta undir fordóma og hræðslu gagnvart fötluðum einstaklingum.

3.4 I am Sam

Kvikmyndin I am Sam er um Sam Dawson (Sean Penn) einstæðan föður sem er með þroskahömlun (e. Developmental disability). Sam býr í Los Angeles ásamt dóttir sinni Lucy (Dakota Fanning) en barnsmóðirin lét sig hverfa rétt eftir að Lucy fæddist. Þrátt fyrir þroskahömlunina hjá Sam er hann mjög góður faðir og með gott tengslanet í kringum sig og Lucy. Tengslanetið hans eru vinir hans sem einnig eru með þroskahömlun og nágrenni hans Annie (Dianne Wiest) sem hugsar um Lucy þegar Sam er upptekinn í vinnu sinni á kaffihúsi. Í flestum tilfellum er umhverfið hamlandi fyrir fólk með fötlun en hér virkar tengslanetið sem einhverskonar öryggisnet sem er í raun að draga úr fötlun hans sem er skýrt dæmi um norrænatengslasjónarhornið á fötlun (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Lucy elst upp í elskandi og umhyggjusömu umhverfi en með aldrinum nær hún fljótt föður sínum í þroska. Þrátt fyrir ungan aldur gerir Lucy sér grein fyrir því að faðir hennar er öðruvísi en aðrir og fyrir vikið er henni er strítt í skólanum og krakkarnir kalla föður hennar öllum illum nöfnum. Lucy á í erfiðleikum með að sætta sig við það að hún sé búin að ná föður sínum í vitsmunuþroska. Það gefur sterklega til kynna að hann er með miðlungs alvarlega þroskahömlun samkvæmt stöðluðum greindarprófum (Tryggvi Sigurðsson, 2008). Þetta hefur þær afleiðingar að hún hættil að reyna að læra í skólanum og vill ekki fara fram úr föður

sínum. Skólinn hefur áhyggjur af því að hún er hætt að læra í skólanum og í framhaldi af þessu máli stíga félagsmálayfirvöld inní og taka Lucy af honum. Sam reynir að fá Rita Harrison (Michelle Pfeiffer) til að taka forræðismálið hans að sér en Rita þessi er stórjaxl í lögfræðiheiminum. Ekki gengur það að óskum í fyrstu þar sem hún gefur sér engann tíma fyrir hann og í raun hunsar hann. Sam gefst ekki upp og kemur henni svo á óvart í veislu þar sem hún tekur að sér mál hans *pro bono* til þess eins að sanna fyrir vinnufélögum sínum að hún sé ekki eins köld og hörð og þeir halda. Réttarhöldin voru engin dans á rósum fyrir Sam og svo fer að einn daginn brotnar hann niður vegna þess að lögmaður barnaverndaryfirvalda nær að sannfæra hann um að hann hafi ekki þroska né færni til að hafa forræði yfir Lucy. Sam fær útreið frá lögfræðingi barnaverndaryfirvalda og missir forræðið. Lögfræðingurinn nýtir sér þroskahömlun Sams og vitsmunaveikleika hans og nýtir sér þá í málflutningi sínum. Hér er gott dæmi um slæmt viðhorf til fatlaðra sem rætt hefur verið hér að ofan. Lögfræðingurinn tekur ekki tillit til vitsmunaskerðingu Sam en í 13. gr. í samningi um réttindi fatlaðs fólks kemur fram að laga þarf málsmeðferð alla að þörfum þess og að taka þarf tillit til aldurs viðkomandi til að gera honum kleift að sinna hlutverki sínu með virkum hætti (Samingur um réttindi fatlaðs fólks, 2013). Þar að auki er gefin sú mynd af honum, manni með þroskahömlun, að hann sé ekki fær um að hugsa um barn og að hann eins og allir aðrir fatlaðir þurfi aðra til að hafa vit fyrir sér. Það lýsir kannski því viðhorfi sem ráðandi er í samfélaginu á þessum tíma enda eru fjölmiðlar oft spegilmynd samfélagsins (Hodkins, 2011; Menntamálaráðuneytið, 2004). Þar sem aldur Sams var talin vera um sjö ára aldur þá virti lögfræðingur barnaverndaryfirvalda ekki þennan hluta og nýtti sér alla veikleika hans til að koma máli sínu á framfæri.

Lucy fer að búa hjá fósturfjölskyldu sem hefur hug á því að ættleiða hana. Sam gerir allt sem í valdi hans stendur til þess að sanna það að hann hafi getu til að hafa Lucy. Sam fær nýja vinnu, tekur að sér að ganga með hunda til þess að auka tekjur sínar og skiptir um húsnæði til

þess að vera nær Lucy. Á þessum tíma sýnir Sam mun meiri þroska en áður til dæmis þegar Lucy fer að strjúka að heiman og fara yfir til hans á nóttunni, þá kemur hann alltaf með hana aftur til fósturfjölskyldunnar. Á endanum hættir fósturfjölskyldan við að ættleiða hana þar sem þau sjá að Sam er fullfær um að sjá um Lucy. Sam fær forræði yfir Lucy og þetta er ágætis dæmi um framkvæmdaráætlunina í málefnum fatlaðra frá Sameinuðu þjóðunum um það að auka jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu (Brynhildur G. Flóvenz, 2004, bls 20). Sam biður fósturfjölskylduna um að deila með sér forræði yfir Lucy því að hann hafi alltaf hugsað um það að Lucy þyrfti móðir en vildi ekki bara hverja sem er. Myndin endar á því að Lucy er að spila fótboltaleik þar sem Sam er dómari og fósturfjölskyldan horfir stolt á. Þarna er aftur verið að sýna fram á það viðhorf að fatlaðir geti ekki lifað sjálfstætt heldur þurfi ávallt einhverja umönnun og eftirlit, en því hlutverki gegnir fósturfjölskyldan í þessu tilviki.

4 Umræður

Tilgangur ritgerðarinnar var að skoða birtingarmynd/staðalímynd fatlaðs fólks í áberandi kvikmyndum. Ljósvakamiðlar eru áberandi í lífi okkar og þá sérstaklega sjónvarpið og það afþreyingarefni sem þar er í boði. Fjölmiðlafræðingurinn Neil Postman sagði að sjónvarpið hefði mikil völd yfir lífi okkar og ímyndunarafli. Myndin sem sjónvarp birti af heiminum væri sú mynd sem farið væri eftir í samfélaginu (Hodkinson, 2011). Birtingarmyndir fatlaðra í kvikmyndum eru mismunandi allt frá því að vera birtir sem hetjur til illmenna og í það að vera almennt vanhæft. Því hefur verið haldið fram að áhorfandinn fer að yfirfæra þessar birtingarmyndir yfir á raunverulegt fatlað fólk (Safran, 2000).

Rannsóknarspurningarnar sem reynt var að svara voru:

- Gefa kvikmyndir raunhæfa mynd af einstaklingum með einhverfu og þroskahömlun eða er um ákveðna staðalímynd að ræða í birtingarmynd þeirra?

- Samræmist túlkun kvikmynda á fötluðum einstaklingum helstu skilgreiningum á umræddum fötlunum?

Ef við tökum fyrir kvikmyndirnar fjórar þá kom sterklega í ljós að aðalpersónurnar voru birtar sem ákveðnar staðalímyndir fatlaðra. Birtingarmyndin var til dæmis allt frá því að vera hetjur, illmenni, ofbeldisfullir, nær dýrum en manneskjum yfir í það að vera snillingar. Þetta hefur áhrif á hvernig fólk mótar skoðanir sínar á fötluðu fólki (Hodkinson, 2011; Stefán Jón Hafstein, 1987; Safran, 2000) og gefur í raun ranga hugmynd um fatlað fólk. Í raunveruleikanum eru ákveðnar aðstæður sem hafa áhrif á fatlað fólk svo sem félagslegar og umhverfislegar (Rannveig Traustadóttir, 2006). Það er því afstætt hvað telst vera fötlun á hverjum stað og tíma (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993). Í *I am Sam* er birtingarmynd hans hetja sem rís upp úr volæði þegar dóttir hans er tekin af honum og hann sýnir mikla þrautseigju og baráttu til þess að vinna hana aftur. Kvikmyndin birtir hann á einum tímamarki sem veikburða fórnarlamb aðstæðna en hann rís upp sem hetja með mikilli baráttu og sýnir mikil þroskamerki í því að vinna tilbaka dóttur sína og sanna fyrir samfélaginu að hann sé jafn mikill partur af því og aðrir þrátt fyrir takmarkanir í vitsmunapróska. Þegar hann er á sínum lægsta punkti í myndinni koma fram neikvæðar félagslegar hliðar fötlunar en með því er átt við að einstaklingur með skerta hæfni á tilteknu sviði geti skynjað sig sem einskis virði og jafnvel myndað hjá honum reiði (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993). Kvikmyndin sýnir þó fram á það að hann þarf á einhverju aðhaldi að halda þar sem hann er með þroska á við sjö ára og hann er með stuðning til þess að ala upp barn. Hann er með öryggisnet í vinum sínum og Annie nággranna. Þarna kemur sú staðalímynd fram að fatlaðir eru upp á aðra komnir og vísar í læknisfræðilega sjónarhornið (Rannveig Traustadóttir, 2003). Öryggisnetið inniheldur þó aðra einstaklinga sem eru með ákveðna þroskahömlun og Annie er með víðáttufælni (e. Agoraphobia) og á í miklum erfðleikum með að komast út úr íbúðinni. Öll afreka þau það þó að ala upp barn með

góðum árangri og sýnir það þar með að samfélagið er ekki bara klippt og skorið. Það eru ekki allir eins í samfélaginu og umhverfið og félagslegar aðstæður hafa áhrif á fatlaða einstaklinginn bæði til hins betra og verra (Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon, 1993; Rannveig Traustadóttir, 2003).

Birtingarmynd Forrest Gump er algjör hetju staðalímynd út alla myndina. Þó að ekkert komi fram í myndinni sjálfri hvaða greiningu Forrest hafði þá er augljóst að einhver þroskahömlun er fyrir hendi. Þrátt fyrir vitsmuna takmörkun afrekar Forrest mjög mikið í lífinu og langt um fram það sem meðalmaður gæti nokkurn tímann upplifað. Styrkleikinn hans út kvikmyndina er hversu einföld sýn hans er á lífið og í gegnum þennan styrkleika afrekar hann allt það sem hann gerir í myndinni. Fötlun Forrest er hér gerð að hans aðalstyrkleika og kemur upp staðalímyndin um að fötlun getur fært einstaklingana nær dýraríkinu með því að efla hin ýmsu skilningsvit til dæmis þar sem fólk missir sjónina þá kemur í staðinn ofurmannlegt lyktarskyn (Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2007). Þessi styrkleiki, það er að segja fötlunin, kemur honum heldur betur áfram í lífinu.

Í kvikmyndinni Rain Man er gefin verulega skökk mynd af einhverfu og birtingarmynd Raymonds í myndinni heldur uppi þeirri staðalímynd að allir þeir sem eru með einhverfu hafa einhvern falinn hæfileika og náðargáfu og séu jafnvel snillingar (e. Savants). Staðalímyndin um snilligáfu fólks með einhverfu kemur sterklega fram í kvikmyndinni til dæmis þegar tannstönglar detta á gólfið þá hefur Raymond þá náðargáfu að geta talið þá alla á nokkrum sekúndum. Áráttuhegðunin kemur mikið fram í kvikmyndinni og er gert mikið úr henni með því að sýna hversu hamlandi hún sé honum í öllu þáttum lífsins. Hann getur til dæmis ekki ferðast vegna vitneskju og árátta sinnar um flugslys og hann getur ekki ferðast á ákveðnum tíma dags vegna þess að hann verður að horfa á sjónvarpsþátt á vissum tíma. Hér kemur fram að staðalímyndin um að áráttuhegðun einhverfa er alltaf svona öfgafull. Hann verður að vera nánast í vernduðu umhverfi vegna áráttuhegðunarinnar og gott dæmi um það er að hann var

settur á geðsjúkrahús í æsku og býr þar en. Þetta er skýrt dæmi um læknisfræðilega sjónarhornið þar sem einstaklingurinn þarf á afskiptum sérfræðinga að halda og fatlað fólk þurfi að vera aðskilið frá þeim sem ekki eiga við fötlun að stríða og eigi heima á viðeigandi stofnun (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Birtingarmynd Karls úr kvikmyndinni *Sling Blade* hefur sömu staðalímyndir og aðalpersónurnar í hinum kvikmyndunum en er þó líka frábrugðin þeim því hann er morðingi. Staðalímyndinni um að fatlað fólk sé ofbeldisfullt er hér haldið á lofti en jafnframt er hann stimplaður með mörgum staðalímyndum. Karl er frávikið í þessari greiningu á staðalímyndum fatlaðara í kvikmyndum þar sem hann er dæmdur morðingi en er samt sýndur sem ákveðin staðalímynd fatlaðara með læknisfræðilegu sjónarhorni og settur á stofnun en ekki fangelsi. Birtingarmynd á fötluðu fólki í kvikmyndinni er ekki falleg og Karl er algjört fórnarlamb umhverfisins þar sem hann býr. Alveg í byrjun þegar hann flytur í bæinn er komið fram við hann eins og dýr sem er læst inni á nóttunni en þar kemur staðalímyndin fram að fatlað fólk sé nær dýrum en manneskjum strax upp (Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2007). Ekki var þetta í fyrsta skiptið sem komið var fram við hann eins og dýr því foreldrar hans létu hann sofa í holu í útiskúr við heimilið hans í æsku. Faðir hans lætur hann grafa yngri bróður sinn lifandi þegar hann var sex ára. Hér er staðalímyndin um að vera óheppið fórnarlamb en læknisfræðilega sjónarhornið á fötlun lítur á einstaklinga þannig (Rannveig Traustadóttir, 2003). Með tímanum vinnur Karl sig í það að vera einn besti verkamaðurinn á verkstæðinu því hann var það handlaginn að hann gat lagað allt milli himins og jarðar. Karl er sýndur sem hetja í lok myndarinnar þrátt fyrir að hann hafi drepit aðra manneskju því sú persóna er illmennið í kvikmyndinni og hetjan drepur illmennið til þess að vernda nýju fjölskylduna sína. Þetta er tilfinningin sem áhorfandinn fær með því að horfa á kvikmyndina. Það voru vísbendingar út alla myndina að það að hafa Doyle á heimilinu myndi aldrei ganga vegna ofbeldishegðunar hans því það var aðeins tímaspursmál hvenær hann myndi meiða

Frank og Lindu. Í raun er Karl með staðalímyndina líka sem illmennið í kvikmyndinni því hann er dæmdur morðingi og drepur síðan aftur í kvikmyndinni og þrátt fyrir að hafa gildar ástæður á bak við morðið er þessi hegðun ekki líðandi í samfélaginu okkar. Ýtt er verulega undir hetju og illmennis staðalímyndina hér með því að tvinna þær saman. Karl er hetjan fyrir að hafa bjargað fjölskyldunni og gefur áhorfandanum þessa tilfinningu að hann hafi gert rétt. Hann hefur nú myrt þrjár manneskjur um ævina en staðalímyndin hans verður alltaf hetjan sem bjargaði fjölskyldunni.

Eftir að hafa skoðað og greint kvikmyndirnar með hjálp fræðanna er það niðurstaðan að tilgátan um að kvikmyndirnar ýti undir ákveðnar staðalímyndir af fötluðu fólki standist og að kvikmyndirnar gefi ekki raunhæfa mynd af fötluðum. Túlkunin á persónunum sem voru til umfjöllunar var öll á þann veg að um ákveðnar staðalímyndir væri að ræða en hetju staðalímyndin var nokkuð áberandi. Allar höfðu það sameiginlegt að vera hetja hver á sinn hátt. Sam var hetja með því að fá viðurkenningu frá samfélaginu að hann gæti alið upp barnið sitt þrátt fyrir vitsmunaskerðingu. Raymond er hetja fyrir að hafa bjargað bróður sínum þeirri slæmu stöðu sem hann var kominn í. Karl bjargar nýju fjölskyldunni sinni frá ofbeldishneigða illmenninu og um leið fórnar hann stöðu sinni í samfélaginu og er aftur settur á geðsjúkrahús. Forrest Gump bjargar öllum sem á vegi hans verða og það sem fötlunin hans gefur honum er að einföld sýn hans á lífið gerir honum kleift að afreka allt það sem hann gerir í kvikmyndinni. Þetta er skýrt dæmi um staðalímyndina að fatlaða hetjan hefur sigrast á fötlun sinni og harmleik með hugrekki og þrautseigju (Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2007).

Fötlunin hjá aðalpersónum í kvikmyndunum var birt sem þeirra helsti styrkleiki til að komast áfram í lífinu þrátt fyrir hvaða aðstæður væru í umhverfinu en það gefur ranga hugmynd af raunveruleikanum. Í raunveruleikanum kemur fötlunarfræðin með þá sýn að skoða þá þætti sem hafa áhrif á fötlunina einkum þá félagslegaþáttinn og hvernig hægt væri

fjarlægja að samfélagslegar hindranir og laga umhverfið að fötluðu fólki ásamt því að veita þeim stuðning og þjónustu (Rannveig Traustadóttir, 2006). Það gefur einnig ranga mynd af raunveruleikanum og í raun þá mynd sem fjölmiðillinn vill setja fram. Þetta er túlkun fjölmiðla á fötluðum og þeirra túlkun er til þess fallin að vekja athygli og útbúa afþreyingarefni en ekki að vera upplýsingaveita um raunhæfa mynd af fötluðum einstaklingum.

5 Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram geta fjölmiðlar og þá sérstaklega kvikmyndir eða sjónvarp verið ákveðinn áhrifavaldur og mótað skoðanir fólks. Kvikmyndirnar sem hér um ræðir birta ýmsar staðalímyndir af fötluðu fólki og draga upp ranga mynd af fötluðum og hjálpa þar með við að halda staðalímyndinni á lofti. Fötlunarfræðingurinn Tobin Sieber hefur haldið því fram að það séu sterk tengsl á milli fötlunar og Óskarsverðlaunatilnefninga, en að leika fatlaðan einstakling gæti tryggt tilnefningu til Óskarsverðlauna (Sieber, 2008). Enda kemur fram að myndin sé líklegri til að hafa áhrif á skoðanir og viðhorf fólks eftir því sem hún nýtur meiri velgengni, sem er auðvitað augljóst því þá sjá hana fleiri og hún nýtur meiri athygli og dreifist víðar (Hodkinson, 2011). Átt er við að ef leikari fær Óskarsverðlaun fyrir að túlka mann með einhverfu þá hljóta einstaklingar með einhverfu að vera eins og sá sem hann leikur. Nefnilega því ýktari sem staðalímyndin er því sterkari er hún. Aðalpersónan sem leikarinn túlkar er að ýta undir staðalímyndina og gefur þar með almenningi ranga og ekki raunhæfa birtingarmynd af einhverfu og þroskahömlun. Fjölmiðlar eru oftast en ekki taldir vera ákveðin spegill samfélagsins á hverjum tíma og mótunarafl (Menntamálaráðuneytið, 2004). Birtingarmynd fatlaðs fólks er því á valdi fjölmiðlana og hvernig samfélagið sér hana þegar litið er í spegilinn. Þetta sýnir hversu mikil völd fjölmiðlar hafa í lífi fólks og hvernig það sér heiminn. Kvikmyndirnar sem um ræðir eru afþreyingarefni en á sama tíma eru þær að upplýsa almenning um fötlun en sú birtingarmynd sem dregin er upp er ekki í samræmi við fræðin og

raunveruleikann. Raunveruleikinn er sá að einstaklingar með fatlanir eru eins misjafnir og þeir eru margir og það eitt að setja alla með ákveðna fötlun í sér dálk er beinlínis skaðlegt fyrir baráttu fatlaðra. Fjölmiðlar bera mikla ábyrgð á að koma á framfæri réttum upplýsingum og með því að upplýsa almenning og gefa þeim raunhæfa mynd af fötluðum væru þeir að vinna gegn staðalímyndum en ekki ýta undir þær, eins og raunin er í dag.

„There is no greater disability in society, than the inability to see a person as more.“

- Robert M. Hensel

6 Heimildir

- Ármann Jakobsson og Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2007). Níu spurningar um fötlun og fjöldamenningu. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild* (bls. 319–329). Sótt 28. mars 2016 af http://skemman.is/stream/get/1946/8481/22580/1/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k_2007.pdf
- Berger, A. (1995). *Essentials of mass communication theory*. London: SAGE publications.
- Coleman, J. M., Brunell, A. B., og Haugen, I. M. (2015). Multiple forms of prejudice: How gender and disability stereotypes influence judgments of disabled women and men. *Current Psychology*, 34(1), 177-189. Sótt 16. apríl 2016 af <http://search.proquest.com/docview/1660319448/32A2BFFE73E44F06PQ/2?accountid=135943>
- Eðvald Sæmundsen og Páll Magnússon (1993). Proskafrávik og fötlun. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Sálfræðibókin* (bls. 143-207). Reykjavík: Mál og Menning.
- Hodkinson, P. (2011). *Media, culture and society: An introduction*. London: SAGE Publications Ltd.
- Lippmann, W. (1998). *Public Opinion. With a New Introduction by Michael Curtis*. New Brunswick: Transaction Publishers
- Margrét Margeirsdóttir (2001). *Fötlun og samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- María Játvarðardóttir (2008). Fötlun og fjölskyldan. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (Ritstj.), *Proskahömlun barna: Orsakir- eðli- íhlutun*. (bls. 187). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- McLuhan, M. (1964). *Understanding Media*. London: Routledge & Kegan Paul. Sótt 21. mars 2016 af http://cdn.robbybacken.com/text/nw_research.pdf

- Menntamálaráðuneytið (2004). Greinagerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Sótt 17. apríl 2016 af Mennta- og menningarmálaráðuneytisins: https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/Fjolmidlaskyrsla.pdf
- Peek, K. (2009, Dec 23). *The Times*. Sótt 8. apríl. 2016 af <http://search.proquest.com/docview/320340800?accountid=135943> skoða ártal, dagsett
- Petersson, Á og Petersson, L. (2005). Fjölmiðlafræði (Adolf Petersen þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Rannveig Traustadóttir (2003). Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði, Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 12-17). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir (2006). Í nýjum fræðaheimi. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun, hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 21-31). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Robledo, S. J. og Ham-Kucharski, D. (2008). Bókin um einhverfu: spurt og svarað (Eiríkur Þorláksson þýddi). Garðabæ: Græna húsið.
- Safran, S. P. (2000). Movie images of disability and wars: Framing history and political ideology. *Remedial and Special Education*, 22 (4), 223–232.
- Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks. Sótt 21 mars 2016 af <https://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>
- Solveig Sigurðardóttir (2008). Alþjóðlegar skilgreiningar á þroskahömlun. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (Ritstj.), *Þroskahömlun barna: Orsakir- eðli- íhlutun* (bls. 23-31). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Staðalímynd. Sótt 3 apríl. 2016 af <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=37>
- Stefán Jón Hafstein (1987). *Sagnaþulir samtímans*. Reykjavík: Mál og menning.

Tryggvi Sigurðsson (1993). Þroskahömlun. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Sálfræðibókin* (bls. 143-207). Reykjavík: Mál og Menning.

Tryggvi Sigurðsson (2008). Alþjóðlegar skilgreiningar á þroskahömlun. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (Ritstj.), *Þroskahömlun barna: Orsakir- eðli- íhlutun*. (bls 35-40). Háskólaútgáfan.

World Health Organization (1993). *The ICD-10 classification of mental and behavioural disorders. Diagnostic criteria for research*. Genf, Sviss: Höfundur. Sótt 23. mars 2016 af <http://www.who.int/classifications/icd/en/GRNBOOK.pdf>

World Health Organization (2016). International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems 10th Revision. Sótt 20 apríl. 2016 af <http://apps.who.int/classifications/icd10/browse/2016/en#/F80-F89>